

ALMENNAR REGLUR UM FARBANN

Þar sem greinst hefur Salmonella í dýri á bænum/dýrahúsinu hefur verið sett farbann á býlið/dýrahúsið. Í farbanni felst m.a.:

1. Bann við öllum flutningum dýra að og frá býlinu/dýrahúsinu. Örugg varsla á öllum dýrum, sérstaklega er minnt á vörslu hunda og katta.
2. Bann við slátrun dýra.
3. Hauglosun er ekki leyfð nema í samráði við héraðsdýralækni og heilbrigðiseftirlit.
4. Varúðarráðstafanir verða viðhafðar við sölu mjólkur, ekki má neyta ógerilsneyddrar mjólkur.
5. Öll umferð manna og tækja á býlinu/staðnum skal takmörkuð eins og unnt er, tæki skulu þvegin og sótthreinsuð skv. fyrirmælum dýralæknis.
6. Af almannafé eru kostaðar opinberar sýnatökur og rannsóknir til að staðfesta smit á býlinu/staðnum og til að staðfesta að býlið/staðurinn eða einstakir hlutar þess eða einstakir dýrahópar innan þess sé laust við smitið. Reiknað er með að dýraeigandi leiti aðstoðar síns dýralæknis og skal bera allan kostnað við að losna við smiti. Viðkomandi dýralæknir tilkynnir það síðan héraðsdýralækni þegar hann hefur ástæðu til að telja býlið/staðinn smitlaust. Þá eru tekin tvö opinber sýni því til staðfestingar, finnist ekki smit við þessar sýnatökur má búast við að Landbúnaðarráðuneytið aflétti farbanninu af bænum/staðnum eða einstökum hlutum þess eða einstökum dýrahópum.
7. Héraðsdýralæknir getur í samráði við yfirdýralækni lagt til að landbúnaðarráðuneytið veiti undanþágu frá farbanni fyrir einstaka dýrahópa samkvæmt ákveðnum skilyrðum.